

**Kennari:**  
Hólfríður Rún Guðmundsdóttir  
Steinunn Á Steinarsdóttir

**Kennslufyrirkomulag:**  
Kennsla inn í bekk

**Tímafjöldi:**  
2 kennslustundir

**Bekkur:**  
5. bekkur

### Enska

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í erlendum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmuna þroska nemenda, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum.

Samvinna milli landa og heimsálfa eykst stöðugt á öllum sviðum og er mikilvægt að nemendur séu undir slíkt búnir í sínu námi. Kunnátta í erlendum tungumálum er mikilvægur lykill að fræðslu, námi og atvinnutækifærum. Meginmarkmið náms í erlendum tungumálum í grunnskóla er að nemendur geti notfært sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskipti og geta miðlað upplýsingum um sig og umhverfi sitt.

### Enska

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið <i>Að nemandi:</i>	Leiðir:
Námshæfni		<ul style="list-style-type: none"><li>– geti sett sér nokkuð raunhæf markmið</li><li>– geti gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf</li><li>– taki þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi</li></ul>	

<p>Hlustun Lestur og lesskilningur Talað mál Ritun</p>	<p>Yes we can 5 (les og vinnu- bók)</p> <p>Námsleikir</p> <p>Verkefni frá kennara</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>– geti skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt</li> <li>– geti fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu</li> <li>– geti lesið sér til gagns og gamans og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög</li> <li>– skilji og noti algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisivenjur og kunni aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði</li> <li>– geti tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf</li> <li>– geti bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum</li> <li>– geti beitt eðlilegum framburði og áherslum</li> <li>– geti fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni</li> <li>– geti í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum</li> <li>– æfi réttritun algengra orða á ensku sem koma fyrir í námsefninu</li> </ul>	<p>Vinnubók</p> <p>Hlustun</p> <p>Leikir</p> <p>Söngur</p> <p>Áhorf af neti</p>
<p><b>Námsmat:</b></p>	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.</p>		

## Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemendi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága